

RSK

Alþingi
Erindi nr. P 136/1131
komudagur 10.3.2009

RÍKISSKATTSTJÓRI

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. mars 2009 02-2009030123
T-ums 06/09

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn - 359. mál, þskj. 610

Ríkisskattstjóri hefur þann 4. mars 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða fjármálamarkaðinn - 359. mál, þskj. 610.


Í frumvarpinu er mælt fyrir um bætt verði við ýmis lög er varða fjármálamarkaðinn heimild fyrir Fjármálaeftirlitið til að milda eða fella niður viðurlög við brotum gegn lögnum þegar lögaðili eða einstaklingur kemur sjálfviljugur fram, játar brot og vinnur með eftirlitsaðila við rannsókn málsins. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að sams konar reglum hafi verið beitt með góðum árangri í samkeppnisrétti.

Ríkisskattstjóri telur að fyrirliggjandi tillögur séu líklegar til að gera fjármálamarkaðinn gagnsæinn en full ástæða er til að svo verði. Þá eru efnisatriði frumvarpisins sömuleiðis til þess fallin að frekar upplýsist um mál þar sem leita þarf upplýsinga hjá einstökum aðilum.

Með vísun til framanritaðs telur ríkisskattstjóri líklegt að frumvarpið muni verða réttarbót og gerir ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllst


Guðrún J. Jónsdóttir


Skúli Eggert Þorðarson